

Selfossi 23. maí 2023

Félagið Vinir íslenskrar náttúru (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins. Félagið var formlega stofnað á sl. ári en hópurinn hefur starfað saman lengur. Hlekkur á vef félagsins er: <https://natturuvinir.is/> Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Ísland er virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi um náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda. Skyldur þjóðarinnar á þessu sviði eru margvíslegar, sem endurspeglast í íslenski löggjöf. Starfsemi VÍN tekur mið af þessum alþjóðlegu skuldbindingum og íslenski löggjöf um náttúruverndarmál í umfjöllun sinni. VÍN leggur áherslu á að veita aðgang að faglegu og vönduðu efni sem byggt er á vísindalegum grunni og kynna þau náttúruverndarmál sem efst eru á baugi hverju sinni.

Félagið leggur m.a. áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenski náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins og mótar tillögur til úrbóta. Félagið vill veita stjórnvöldum aðhald í þeim brýnu verkefnum sem blasa við varðandi skipulag og framkvæmd áætlana sem varða náttúru landsins. Félagið styður aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda sem og kolefnisbindingu sem ekki hefur neikvæð áhrif á náttúru Íslands. Það mun stuðla að því að komið sé á framfæri áreiðanlegum upplýsingum um kolefnisbindingu og kolefniseiningar og leggur áherslu á að notuð séu alþjóðleg vottunarkerfi með viðurkenndum kröfum og viðmiðum, sem jafnframt taka tillit til íslenskra aðstæðna.

VÍN skrifaði stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga bréf um skógræktarmál og afrit af því var sent til allra sveitarstjórna landsins (https://natturuvinir.is/wp-content/uploads/2023/04/Skipulag_skograektar.pdf). Viljum við vekja athygli sveitarstjórnar Dalabyggðar á þessu erindi félagsins nú þegar uppi eru áform um mikla skógrækt í sveitarfélaginu.

Í Morgunblaðinu 29. mars sl. var sagt frá samstarfsverkefni skógræktarfólks í Dalabyggð sem snýst um að rækta aspir og selja þær til skógræktarfólks eða planta þeim í eigin skógrækt. Verkefnið fékk styrk úr uppbyggingarsjóði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Í fréttinni kom fram að fyrirhugað væri að gróðursetja aspirnar við hringveginn sem er aðalvegurinn í sveitarfélaginu. VÍN varar við þessari fyrirhuguðu framkvæmd og hvetur sveitarstjórnina til að beita skipulagsheimildum sínum til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif framkvæmdarinnar. Ræktun stórvaxinna aspa meðfram vegum byrgir útsýni sem er dýrmætt, sérstaklega ferðafólki, í þessu tilviki er spurning um sýn yfir Breiðafjörð og inn dalina. Ræktun stórvaxinna aspa meðfram vegum er líka slysaöldra sem ber að forðast. Dæmi um það er umferðaróhapp sem varð nýlega við veg 30 austan Miðfells í Hrunamannahreppi https://www.facebook.com/permalink.php?story_fbid=pfbid0EiRVDEmggPxDLgiAPThd2ndth9ddqRMSaW2BFEakZpWGFLXooL2JhDMR747QN8jtl&id=677500381

VÍN óskar jafnframt eftir því að sveitarstjórnin gæti þess að verkefnið auki ekki útbreiðslu framandi tegunda, sem líklegar eru til að verða ágengar í íslenskri náttúru, eins og sitkagrenis og stafafuru. VÍN leggst ekki gegn skógrækt, en leggur áherslu á að farið sé fram með varúð og að sveitarfélög beiti skipulagsvaldi sínu til að tryggja farsælar framkvæmdir. Rétt tré á réttum stað ætti að vera leiðarljósið.

Enn fremur varar VÍN við fyrirhugaðri skógrækt Minjaverndar í Ólafsdal. Skógrækt í dalnum, sama hvað trjátegundir verða notaðar, hún hlýtur þegar fram líða stundir að ógna þessum einstöku menningarminjum og því hefðbundna búsetulandslagi sem er aðall staðarins.

https://natturuvinir.is/wp-content/uploads/2023/05/Alyktun-VIN_til_Olafsdalsfelag.pdf

VÍN óskar eftir fundi með sveitarstjórn Dalabyggðar um bæði þessi fyrirhuguðu verkefni. Fjarfundur er líklega álitslegasti kosturinn vegna fjarlægðar.

Með vinsemd og virðingu,

F.h. stjórnar VÍN

Sveinn Runólfsson, formaður

Jón Gunnar Ottósson, varaformaður

Afrit sent: Sambandi íslenskra sveitarfélaga